

Mánudaginn 10. október 1994.

Nr. 11/1994.

**Flugfélagið Atlanta hf.**

(Jóhannes Rúnar Jóhannesson cand. jur.)

gegn

**Félagi íslenskra atvinnuflugmanna**

(Atli Gíslason hrl.)

Félagsdómur. Sératkvæði.

**Úrskurður Félagsdóms.**

Úrskurðinn kveða upp Auður Þorbergsdóttir, Erla Jónsdóttir, Gylfi Knudsen, Valgeir Pálsson og Gunnar Sæmundsson.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 7. þ.m., er höfðað með stefnu útgefinni 30. sept. sl. og þingfestri 3. þ.m.

Stefnandi er Flugfélagið Atlanta hf., kt. 431269-0589, Álafossvegi, Mosfellsbæ.

Stefndi er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, kt. 530169-3839, Háaleitisbraut 68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda:

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að ólögmæt sé verkfallsboðun sú sem tilkynnt var Flugfélaginu Atlanta hf. með bréfi, dags. 23. september 1994, af Félagi íslenskra atvinnuflugmanna sem nái til alls flugs félagsins til og frá Íslandi og hefjast skal mánudaginn 10. október 1994 kl. 12:00 á hádegi.

Að viðurkennt verði með dómi Félagsdóms að verkfall, er kann að vera komið til framkvæmda á grundvelli verkfallsboðunarinnar þegar dómur Félagsdóms fellur, sé ólögmætt.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda:

Að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda.

Að viðurkennt verði með dómi að stefndi sé réttur aðili til að semja við stefnanda um kaup og kjör félagsmanna sinna.

Að viðurkennt verði með dómi að stefnda sé heimilt að gera verkfall hjá stefnanda til að vinna að framgangi krafna sinna og til verndar rétti sínu.

Að Gunnar Sæmundsson, dómari Félagsdóms tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands, víki sæti og að stefndi tilnefni dómara í staðinn.

Að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað að mati Félagsdóms að teknu tilliti til virðisaukaskatts hver sem úrslit málsins verði.

Krafa stefnda um skipan dómsins er hér til úrlausnar.

Krafa stefnda um að Gunnar Sæmundsson víki sæti sem dómari er byggð á jafnræðis- og hæfissjónarmiðum. Stefnandi hafi tilnefnt dómara í Félagsdóm í máli þessu sem talsmann sjónarmiða sinna. Gerir stefndi kröfu til þess að sitja við sama borð. Þá hafi Gunnar Sæmundsson gætt hagsmuna minnihluta sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði FÍA og félaga í FÍA gegn sjóðsstjórn og stjórn félagsins og véfengi ákvarðanir sem teknar hafi verið við gerð kjarasamninga og á vettvangi Eftirlaunasjóðsins að tilhlutan stjórnar stefnda. Af hálfu stefnda er vísað til 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um hlutleysi dómstóla, 39. gr. laga nr. 80/1938, Hrd. 1990:2 og 1992:81, til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu 22. júní 1989 Langborger gegn Svíþjóð og til niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 1/1994 varðandi vanhæfi dómara tilnefnda af Alþýðusambandi Íslands. Tekið er fram að í málum sem þessum beri að túlka vafa stefnda í hag. Stefndi dragi óhlutdrægni dómarans í efa, sbr. 5. gr. laga nr. 91/1991.

Við munnlegan málflutning um þessa kröfu stefnda var gerð varakrafa af hálfu stefnda á þann veg að krefjast þess að báðir tilnefndir dómarar í Félagsdómi víki sæti og dómurinn tilnefni í þeirra stað tvo dómara.

Af hálfu stefnanda var ekki tekin afstaða til kröfu stefnda um að Gunnar Sæmundsson víki sæti en verði krafan tekin til greina er þess krafist að forseti Félagsdóms tilnefni dómara í stað Gunnars. Verði fallist á kröfu stefnda um að hann hafi rétt til þess að tilnefna mann í dóminn í stað Gunnars þá áskilur stefnandi sér rétt til að mótmæla tilnefningu stefnda.

Varakröfu stefnda var mótmælt sem of seint fram kominni, auk þess hafi hún ekki lagastöð.

#### *Niðurstaða.*

Í 39. gr. laga nr. 80/1938 er kveðið á um það ef atvinnurekandi sem er málsaðili er ekki meðlimur í Vinnuveitendasambandi Íslands skuli dómari sá sem tilnefndur er af því víkja sæti, en í staðinn tilnefnir atvinnurekandinn dómara í málinu. Sambærilegur réttur er ekki til handa stéttarfélögum sem ekki eru meðlimir í Alþýðusambandi Íslands. Í 27. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfs-

manna nr. 94/1986 er stéttarfélögum utan heildarsamtaka sem eru aðilar máls fyrir Félagsdómi veitt heimild til tilnefningar í dóminn, þannig að þar er jafnræði aðila að þessu leyti virt.

Við niðurstöðu í þessu efni þykir og bera að líta til breytinga sem orðið hafa á hæfisskilyrðum dómara skv. 36. gr. laga nr. 85/1936 og svo skv. 5. gr. laga nr. 91/1991 sérstaklega g. liður.

Með lögum nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu var Evrópusamningi um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá 4. nóvember 1950, ásamt áorðnum breytingum samkvæmt tilgreindum samningsviðaukum, veitt lagagildi hér á landi og gengu lögin í gildi 30. maí 1994. Sá munur á rétti málsaðila til tilnefningar dómara sem felst í 39. gr. laga nr. 80/1938, þykir fela í sér slíkt ójafnræði aðila að stefndi hafi ástæðu til að draga í efa að mál hans sæti meðferð fyrir óvilhöllum dómstóli hlutlægt séð, njóti hann ekki réttar til tilnefningar dómara til jafns við stefnanda, sbr. 1. mgr. 6. gr. fyrrgreinds samnings. Þessi skipan 39. gr. laga nr. 80/1938 er varðar tilnefningar dómara í Félagsdóm þykir ekki uppfylla þær kröfur sem telja verður að felist í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið er það niðurstaða dómsins að dómaranum Gunnari Sæmundssyni sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands til setu í dómnum beri að víkja sæti og stefndi tilnefni dómara til setu í dómnum.

Að þessari niðurstöðu fenginni þykir ástæðulaust að taka afstöðu til sérstaks hæfis dómarans Gunnars Sæmundssonar.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð :

Gunnar Sæmundsson hrl., sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands, víkur sæti í máli þessu.

Stefndi, Félag íslenskra atvinnuflugmanna, tilnefni dómara í hans stað eigi síðar en kl. 14:00 miðvikudaginn 12. október nk.

#### S é r a t k v æ ð i

#### Gunnars Sæmundssonar.

Hér er til úrlausnar sú krafa stefnda að Gunnar Sæmundsson, dómari Félagsdóms tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands víki sæti og að stefndi tilnefni dómara í staðinn. Við munnlegan flutning um þessa kröfu gerði lögmaður stefnda þá varakröfu að bæði dómari sá

sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands og dómari sá sem stefnandi hefur tilnefnt víki sæti í málinu og dómurinn tilnefni menn í þeirra stað.

Af hálfu stefnanda er ekki tekin afstaða til kröfu um að Gunnar Sæmundsson víki sæti en gerð sú krafa að verði á hana fallist tilnefni forseti dómsins mann í hans stað. Verði fallist á þá kröfu stefnda að hann fái að tilnefna mann í stað Gunnars, áskilur stefnandi sér rétt til að mótmæla þeirri tilnefningu. Varakröfu stefnda mótmælir hann sem of seint fram kominni og þar sem hún eigi ekki lagastoð.

Kröfu sína um að Gunnar Sæmundsson víki sæti sem dómari kveðst stefndi byggja á jafnræðis- og hæfissjónarmiðum. Stefnandi hafi tilnefnt dómara í Félagsdóm í máli þessu sem talsmann sjónarmiða sinna og kveðst stefndi vilja sitja við sama borð. Þá hafi Gunnar gætt hagsmuna minnihluta sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði F.Í.A. og félaga í F.Í.A. gegn sjóðsstjórn og stjórn félagsins og vefengi ákvarðanir sem teknar hafa verið við gerð kjarasamninga og á vettvangi Eftirlaunasjóðsins, að tilhlutan stjórnar stefnda. Máli sínu til stuðnings vísar stefndi til 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu um hlutleysi dómstóla, 39. gr. laga nr. 80/1938, Hæstaréttardóma 1990:2 og 1992:81, til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu 22.6.1989 og til niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 1/1994 varðandi vanhæfi dómara tilnefnds af Alþýðusambandi Íslands. Loks dregur stefndi óhlutdrægni dómarsins í vafa, með réttu, að því er hann segir í greinargerð sinni og vísar til 5. gr. laga nr. 91/1991. Af hálfu stefnanda hefur því verið mótmælt að hann hafi tilnefnt dómara sem talsmann sinna sjónarmiða.

Með vísan til jafnræðissjónarmiða virðist stefndi eiga við þau ákvæði 1. mgr. 39. gr. laga nr. 80/1938, að sé atvinnurekandi sem er aðili máls í Félagsdómi ekki meðlimur Vinnuveitendasambands Íslands skuli dómari sá sem tilnefndur er af því, víkja sæti en í staðinn tilnefni atvinnurekandinn dómara í málinu og skuli hann gera það áður en hálfur stefnufrestur er liðinn, ella tilnefni forseti dómarsins. Samsvarandi regla er ekki lögmælt þegar stéttarfélag, sem ekki er í Alþýðusambandi Íslands rekur mál fyrir dómnum. Gagnályktun frá tilvitnuðu ákvæði leiðir til þess að dómari tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands víki ekki sæti þegar svo stendur á. Fyrir þeim skilningi er áratuga hefð og felst ekki í úrskurði dómsins í máli nr.

1/1994 frávik frá þeirri reglu. Í þeim úrskurði byggðist niðurstaða á því að Alþýðusamband Íslands hafði látið uppi sjónarmið í málinu sem áttu um þýðingarmikil atriði samstöðu með viðhorfum Vinnuveitendasambandsins. Slíku er ekki til að dreifa í þessu máli.

Ekki verður fallist á þá kenningu lögmanns stefnda sem fram kom í málflutningi, að dómaraþeir sem tilnefndir eru í Félagsdóm af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands séu talsmenn þeirra samtaka. Þeir menn sem valdir eru til setu í dómnum eru ekki komnir þangað til málflutnings. Málflutningur fer fram fyrir dómnum en ekki innan hans.

Af sératkvæðum í ýmsum dómum Félagsdóms kann að mega draga þá ályktun að samúð þess dómara sem tilnefndur er af Alþýðusambandi Íslands sé fremur með málstað launþega og félaga þeirra og samúð dómarsins sem Vinnuveitendasambandið tilnefnir með málstað vinnuveitenda. Af því verður á engan hátt dregin sú ályktun að seta dómara tilnefnds af Alþýðusambandi Íslands í dómnum í máli þessu valdi því að dómurinn sé ekki sjálfstæður og óvilhallur, heldur hið gagnstæða. Þessi skipan dómsins er og ákveðin með lögum. Ákvæði 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 gera því ekki rétt né skylt að Gunnar Sæmundsson víki sæti í máli þessu.

Fram er komið af hálfu stefnda að Gunnar Sæmundsson hafi gætt hagsmuna minnihluta sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði F.Í.A. og félaga í F.Í.A. gegn sjóðstjórn og stjórn félagsins og vefengi ákvarðanir sem teknar hafi verið við gerð kjarasamninga á vettvangi Eftirlaunasjóðsins að tilhlutan stjórnar stefnda. Dómendur hafa getað kynnt sér gögn héraðsdómsmálsins Ö-2/1994 sem rekið er fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur og er sá þáttur málsins sem er fyrir dómstólum. Þar kemur fram að Gunnar fer með málið sem lögmaður 55 sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði F.Í.A. sem gera þá kröfu að stjórn Eftirlaunasjóðsins verði úrskurðað skylt að tilnefna gerðarmann af sinni hálfu í gerðardóm skv. 22. gr. reglugerðar sjóðsins en gerðardómnum er ætlað að fjalla um þessar kröfur sóknaraðila:

Að dæmt verði að áunninn lífeyrisréttur þeirra í Eftirlaunasjóði F.Í.A. hafi við gildistöku núgildandi reglugerðar sjóðsins verið skertur umfram lífeyrisrétt þeirra sjóðfélaga sem ekki áttu svonefnd skilorðsbundin stig.

Að dæmt verði að sú umframskerðing hafi falið í sér brot á jafnræðisreglu og því verið ólögmat gagnvart þeim.

Að kveðið verði á um hve mörgum stigum umframskerðing þessi hafi numið hjá hverjum þeirra.

Að gagnaðila, stjórn Eftirlaunasjóðs F.Í.A. f.h. sjóðsins, verði dæmt að greiða allan kostnað af gerðardómsmálinu, þar með talinn hæfilegan málskostnað sóknaraðilum til handa, að mati gerðarmanna.

Eftirlaunasjóður F.Í.A. er lífeyrissjóður með skylduáðild skv. 2. gr. laga nr. 55/1980, sem starfar skv. sérstakri reglugerð staðfestri af fjármálaráðuneytinu og hefur sérstaka stjórn. Sjóðfélagar eru ekki nauðsynlega félagar í F.Í.A. Þótt nærri helmingur umbjóðenda Gunnars í héraðsdómsmálinu Ö-2/1994 séu einnig félagar í F.Í.A. Stjórn sjóðsins er skipuð fimm mönnum, þremur tilnefndum af F.Í.A. og tveimur af vinnuveitendum í hlutfalli við iðgjaldagreiðslur þeirra til sjóðsins. Ekki þykir þessi tilnefning stjórnarmanna sjóðsins skapa þau tengsl við F.Í.A. að málssókn á hendur sjóðnum jafngildi hagsmunagæslu gegn F.Í.A. eða stjórn þess og eins og kröfugerð er háttað í málinu verður hún ekki heldur talin beinast að F.Í.A. Lögmannsstörf dómarsins fyrir umrædda sjóðfélaga í Eftirlaunasjóði F.Í.A. valda því ekki vanhæfi hans til meðferðar máls þessa.

Fallast verður á það með lögmanni stefnanda að varakrafa stefnda eigi ekki lagastoð.

Samkvæmt framansögðu verður krafa stefnda um að Gunnar Sæmundsson, dómari tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands víki sæti í máli þessu ekki tekin til greina. Rétt þykir að ákvörðun málskostnaðar vegna þessa þáttar málsins bíði efnisdóms í málinu.